

Sp.

438. Fyrirspurn

[260. mál]

til viðskiptaráðherra um útlán banka og sparisjóða.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hver var heildarfyrirgreiðsla viðskiptabanka og þriggja stærstu sparisjóðanna til fimm stærstu lántakenda einstakra banka og sparisjóða í árslok 1983 og 1984?
2. Hvert var hlutfall heildarfyrirgreiðslu hvers lánþega um sig af eigin fé stofnunarinnar?
3. Er þar um að ræða lántakendur, einn eða fleiri, sem eru svo fjárhagslega tengdir öðrum lántakendum stofnunarinnar að skoða beri heildarfyrirgreiðslu til þeirra í einu lagi?
4. Hvernig var fyrirgreiðslan tryggð í hverju tilviki?